

Ábending ársreikningaskrár ríkisskattstjóra

Ársreikningur þessi er áritaður af ríkisendurskoðanda samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga

Öryggisfjarskipti ehf.

Ársreikningur
2023

Öryggisfjarskipti ehf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 641106-1430

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Félagið var stofnað 20. október 2006 og megingilgangur þess er að veita öryggisfjarskiptaþjónustu. Félagið rekur Tetra kerfi sem er stafrænt talstöðvarkerfi með símamöguleika sem er sérsníðið að þörfum viðbragðsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli. Leigutaki félagsins er Neyðarlínan ohf. sem á 14,22% (2022:25%) eignarhlut í félaginu.

Rekstur ársins og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 167 millj. kr. á árinu 2023. Í árslok 2023 námu eignir félagsins 2.266 millj. kr. og eigið fé nam 1.913 millj. kr. í árslok 2023 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutfé að fjárhæð 1.160 millj. kr. Eiginfjárlutfall nam 84% í árslok 2023. Rekstrarfjármunir félagsins eru metnir á afskrifuðu kostnaðarverði. Einn starfsmaður var á launaskrá hjá félaginu á árinu.

Starfsemin á árinu

Á árinu var lokið við uppfærslu og stækkun Motorola Tetra kerfisins og var sú breyting tekin í notkun í september. Um er að ræða stækkun Tetra kerfis um eitt "zone" sem gerir kleift að fjölga sendum um allt að 100 og fjölga fjarskiptastjórum úr 40 í 60. Áfram var unnið að uppfærslu á miðkerfum Vaktstöðvar siglinga frá Frequentis sem taka á í notkun í byrjun árs 2024.

Vegna eldsumbrota á Reykjanesi voru þar settir upp þrjú Tetra sendar auk sendis á suðausturlandi. Kom fyrrnefnd stækkun Tetra kerfisins þar að góðum notum. Á félagið nú um 210 Tetra senda og um 60 senda vegna vaktstöðvar siglinga.

Unnið var að styrkingu varaafis á nokkrum stöðum en það er framhald verkefnis sem hófst á árinu 2020 í samstarfi við fjarskiptasjóð og fjarskiptafélög. Verkefninu er að mestu lokið miðað við þær forsendur sem þá var lagt upp með. Hafa rafstöðvar sem settar voru upp margsannað gildi sitt og meðal annars komið að góðum notum í Grindavík og Reykjanesi. Á félagið nú um 60 fastar og færnarlegar vararafstöðvar.

Byggður var nýr fjarskiptastaður nærri Flateyri og unnið var að endurbótum á nokkrum fjarskiptastöðum. Félagið á nú um 135 mannvirki um allt land og er viðhaldsþörf þeirra að aukast með hækkandi aldri.

Lokið var að mestu leiti við byggingu flugskýlis fyrir Landhelgisgæsluna og var það komið í fulla notkun á vormánuðum. Aðeins er eftir smávægilegur frágangur og mál sem snúa að skráningu lóðar undir skýlið.

Félagið fékk úthlutað tíðni á árinu 2022 fyrir næstu kynslóð neyðar- og öryggisfjarskipta. Í fyrstu er því kerfi ætlað að mæta þörfum fyrir öruggan gagnaflutning en seinna meir til endurnýjunar á Tetra kerfinu. Til skoðunar hefur verið með hvað hætti tíðnin verður nýtt og hvenær. Jafnframt hefur verið í gangi samtal við farsímafélög sem fengu endurúthlutað tíðnum á árinu 2023 um mögulegt samstarf við að koma á þjónustu á þeim stofnvegum þar sem er ekki farsímaþjónusta í dag. Í tíðnileyfinu er kvöð um þátttöku í því verkefni.

Í byrjun árs voru framkvæmdastjóraskipta hjá félaginu. Lét þá af störfum Þórhallur Ólafsson sem hafði verið framkvæmdastjóri frá stofnun félagsins og við tók við Magnús Hauksson.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2024, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh:

Hlutfé og eignarhald

Í upphafi og lok árs voru hluthafar tveir og greinast hlutir þeirra þannig:

Ríkissjóður	995.000.000
Neyðarlínan ohf.	165.000.000
	<u>1.160.000.000</u>

Samþykkt var á hluthafafundi í desember 2022 að auka hlutfé um 500 millj. kr. og mun því hlutfé félagsins nema 1.160 millj. kr. eftir aukninguna á árinu 2023. Neyðarlínan ohf. tók ekki þátt í hlutfjárukningunni en ríkissjóður samþykkti að taka þátt í aukningunni. Með þessari breytingu verður eignarhlutur ríkissjóðs á árinu 2023, 85,78% (2022:75%) og hlutur Neyðarlínunnar ohf. 14,22% (2022:25%). Hlutféð var greitt inn af ríkissjóði 11. janúar 2023.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Öryggisfjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. 6. 2024.

Stjórn og framkvæmdastjóri:



Maqun Hauksdóttir

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Öryggisfjarskipta ehf.

Álit

Ársreikningur Öryggisfjarskipta ehf. fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Öryggisfjarskipta ehf. 31. desember 2023, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Öryggisfjarskiptum ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lögum ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Öryggisfjarskipta ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.


Áritun Ríkisendurskoðunar, frh.:

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningssskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 17.06 2024



Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Leigutekjur		472.550.890	367.072.004
Aðrar tekjur		27.479.866	33.033.917
		500.030.756	400.105.921
 Rekstrargjöld			
Viðhaldskostnaður		72.338.417	45.793.007
Fjarskiptaleyfi		753.960	4.573.105
Laun og launatengd gjöld	4	7.811.767	3.000.000
Annar rekstarkostnaður		33.246.294	31.375.178
Afskriftir	6	164.116.925	161.367.643
		278.267.363	246.108.933
 Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld		 221.763.393	 153.996.988
 Vaxtatekjur		 2.840.426	 4.115.856
Vaxtagjöld		(15.794.793)	(5.561.037)
		(12.954.367)	(1.445.181)
 Hagnaður fyrir tekjuskatt		 208.809.026	 152.551.807
 Tekjuskattur	5	(41.765.845)	(30.514.122)
 Hagnaður ársins	9	 167.043.181	 122.037.685

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Rekstrarfjármunir	6,7	2.140.174.134	1.775.780.163
Fastafjármunir		<u>2.140.174.134</u>	<u>1.775.780.163</u>
Krafa á Neyðarlínuna ohf.	11	65.577.311	0
Aðrar skammtímaskuldir		1.816.819	821.441
Virðisaukaskattur, inneign		47.203.536	7.286.675
Handbært fé		11.011.386	32.411.320
Veltufjármunir		<u>125.609.052</u>	<u>40.519.436</u>
Eignir samtals		<u><u>2.265.783.186</u></u>	<u><u>1.816.299.599</u></u>
 Eigið fé			
Hlutfé	8	1.160.000.000	660.000.000
Lögbundinn varasjóður		76.958.037	58.996.889
Óráðstafað eigið fé		676.041.555	526.959.523
Eigið fé	9	<u>1.912.999.592</u>	<u>1.245.956.412</u>
 Langtímaskuldbindingar			
Tekjuskattskuldbinding	10	10.930.633	3.137.317
Langtímaskuldbindingar samtals		<u>10.930.633</u>	<u>3.137.317</u>
 Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		268.025.125	405.038.333
Viðskiptaskuldir		6.161.118	22.785.426
Skuld við Neyðarlínuna ohf.	11	0	32.083.646
Fyrirfram innheimtir styrkir	13	15.000.000	66.000.000
Aðrar skammtímaskuldir		18.691.188	0
Tekjuskattur til greiðslu	12	33.975.530	41.298.465
Skammtímaskuldir samtals		<u>341.852.961</u>	<u>567.205.870</u>
Skuldir samtals		<u>352.783.594</u>	<u>570.343.187</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.265.783.186</u></u>	<u><u>1.816.299.599</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Öryggisfjarskipti ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar og fjármagnskostnaður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

b. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar til þeirra hefur verið unnið.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húsnæði	33 ár
VSS kerfi	8 ár
Tetra kerfi	10 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur voru óverulegar í árslok 2023 og því ekki tilefni til neinnar varúðarafskriftar af slíkum kröfum.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Skýringar, frh.:

4. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	18.466.458	0
Launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5.631.443	0
Aðkeypt skrifstofu- og stjórnunarþjónusta frá Neyðarlínunni ohf.	0	3.000.000
Eignfærður launakostnaður vegna framkvæmda við flugskýli	(16.286.134)	0
Laun og launatengd gjöld samtals	7.811.767	3.000.000
Fjöldi stöðugilda	0,8	0

5. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2023	2022
Hagnaður fyrir skatta	208.809.026	152.551.807
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% (41.761.805)	20,0% (30.510.361)
Annað	0,0% (4.040)	0,0% (3.761)
Virkur tekjuskattur	20,0% (41.765.845)	20,0% (30.514.122)

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Húsnæði*	VSS kerfi	Tetra kerfi	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2023	1.131.874.132	80.467.640	1.677.431.260	65.487.278	2.955.260.310
Viðbót á árinu	288.747.438	49.234.631	141.293.847	49.234.980	528.510.896
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	0	0	0
Stofnverð 31.12.2023	1.420.621.570	129.702.271	1.818.725.107	114.722.258	3.483.771.206
Afskrifað samtals 1.1.2023	21.951.162	46.068.986	1.081.935.046	29.524.952	1.179.480.146
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	0	0	0
Afskrifað á árinu	42.978.691	8.637.935	98.620.511	13.879.788	164.116.925
Afskrifað samtals 31.12.2023	64.929.853	54.706.921	1.180.555.557	43.404.740	1.343.597.071
Bókfært verð 1.1.2023	1.109.922.970	34.398.654	595.496.214	35.962.325	1.775.780.163
Bókfært verð 31.12.2023	1.355.691.717	74.995.350	638.169.550	71.317.517	2.140.174.134

*Meðal eignfærðs húsnæðiskostnaðar á árinu 2023 er eignfærður 23 millj. kr. fjármagnskostnaður sem féll til við fjármögnun á byggingu flugskýlis. Kostnaðurinn er eignfærður í samræmi við 4. mgr. 29. gr. laga um ársreikninga.

7. Vátryggingarverð

Vátryggingarverð húsnæðis og kerfa var 2.995 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 2.140 millj. kr. Bifreiðar eru tryggðar kaskótryggingum.

Skýringar, frh.:

8. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.160 millj. kr. í árslok og var aukið um 500 millj. kr. á árinu. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	660.000.000	58.996.889	526.959.523	1.245.956.412
Greitt inn hlutfé	500.000.000			500.000.000
Fært í varasjóð		16.704.316	(16.704.316)	0
Hagnaður ársins			167.043.181	167.043.181
Eigið fé 31.12.2023	1.160.000.000	75.701.205	677.298.388	1.912.999.593

10. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding félagsins greinist þannig:	2023	2022
Reiknuð skattskuldbinding í ársbyrjun	(3.137.317)	(13.921.661)
Breyting ársins	(7.793.316)	10.784.344
Reiknuð skattskuldbinding í árslok	(10.930.633)	(3.137.317)
Tekjuskattskuldbinding skiptist þannig:	31.12.2023	31.12.2022
Varanlegir rekstrarfjármunir	(14.072.712)	(3.137.317)
Tekjuskattskuldbinding samtals	(14.072.712)	(3.137.317)

11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Leigu- tekjur	Aðkeyptar eignir og þjónusta	Vaxta- tekjur	Krafa	Skuld
Neyðarlínan ohf. 2023	399.592.992	277.225.970	1.809.515	65.577.311	0
Neyðarlínan ohf. 2022	367.072.004	391.752.700	2.809.516	0	32.083.646

Félagið á í töluverðum viðskiptum við annan af eigendum sínum Neyðarlínuna ohf. sem felur fyrst og fremst í sér leigutekjur en einnig sér Neyðarlínan ohf. um innkaup á ýmsum búnaði, eignum og þjónustu sem félagið rúkkar Öryggisfjárskipti ehf. fyrir. Stór hluti af kaupum á aðkeyptum eignum og þjónustu af Neyðarlínunni ohf. er eignfærður meðal fastafjármuna eða koma til á móti styrkjum sbr. skýringu nr. 12. Endurrukkaður útlagður kostnaður er færður til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

12. Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu árið 2024 vegna rekstrarársins 2023, hefur verið reiknaður og færður í ársreikning félagsins.

13. Fyrirframinnheimtir styrkir

Félagið móttók styrk á árinu 2021 vegna framkvæmda sem félagið tók að sér á Vatnsenda. Framangreindum framkvæmdum er ekki að fullu lokið í árslok 2023 og er því hluti af mótteknum styrkjum færður sem fyrirfram innheimtar tekjur meðal skammtímaskulda.

14. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Samhliða umsókn félagsins um sérstaka og frjálsa skráningu hóf ríkisskattstjóri sjálfstæða skoðun á virðisaukaskattsmálum félagsins, þ.e. útleigu mannvirkja. Þeirri skoðun ríkisskattstjóra er nú lokið sem leiddi til þess að gerðar voru leiðréttingar á virðisaukaskattsskilum fyrir árin 2021-2023. Skattstjóri hefur þessu tengt lagt á félagið afturvirkkt álag og vexti vegna framangreindra leiðréttinga. Að mati stjórnenda er útreikningur skattstjóra á álagi og vöxtum ekki réttur og hefur félagið óskað eftir leiðréttingu þar sem inneignum innan sama skattstofns er ekki jafnað á móti skuld. Ásamt því var óskað eftir því að tekið verði tillit til þess hve langan tíma það tók að fá umsókn um frjálsa og sérstaka skráningu samþykka vegna lóðamála. Félagið hefur gjaldfært varúðarfærslu í rekstrarreikningi að fjárhæð 15,7 millj.kr. vegna málsins. Endanleg niðurstaða vaxtaútreiknings liggur fyrir síðar á árinu 2024.

